

From: Menntamál <menntamal1@gmail.com>

Sent: föstudagur, 12. september 2025 08:53

Subject: Ofbeldisvarnir og verkferlar - áriðandi í ljósi Múlaborgar

You don't often get email from menntamal1@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Sæl verið þið.

Þetta erindi snýr að ofbeldisvörnum barna í kjölfar ofbeldisins á Múlaborg. Samkvæmt Úttekt ofbeldisvarna sem Reykjavíkurborg lét gera og kom út í apríl 2023 eru verkferlar í berhöggi við verklag lögreglu, barnahúss, barna- og fjölskyldustofu og barnasáttmála. Verkferlar hafa hvorki verið bættir né unnið að fyrirbyggjandi stefnu þrátt fyrir að sambærilegt erindi hafi verið sent til allra borgarfulltrúa sem tóku þátt í samráði um þjónustu við börn 0-6 ára fyrir einu og hálfu ári síðan.

Þetta erindi er sent mannréttindaráði en ráðið er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Þá er erindið sent til aðila innan mannauðs- og starfsumhverfissviðs sem unnið hafa að rýningu og kynningu tengdri umræddum verkferlum. Gera má ráð fyrir að verkferlar og ofbeldisvarnir í skóla- og frístundastarfi verði aðalumfjöllunarefnið á ofbeldisvarnarfundi mannréttindaráðs þann 2. október 2025.

Til viðbótar er erindið sent til borgarráðs þar sem ráðið samþykkti nýlega að fela skóla- og frístundasviði að vinna að umbótum í ofbeldismálum í kjölfar ofbeldis hjá leikskólanum Múlaborg. Innri endurskoðandi sendi skóla- og frístundasviði ábendingar um ágalla verkferlanna í september 2022 og lagði áherslu að unnin yrði samræmd stefna til að fyrirbyggja ofbeldi. Þessum athugasemdum varð sviðið ekki við og enn er engin stefna til staðar sem miðar að því að koma í veg fyrir ofbeldi starfsfólks gegn börnum.

Það er ekki rétt sem borgarstjóri hefur haldið fram í fjölmiðlum að ekki séu til verkferlar um mál eins og kom upp á Múlaborg. Þvert á móti hefur það legið fyrir í fjölda ára að verkferlar sem unnið er eftir þegar grunur vaknar um ofbeldi starfsfólks gegn börnum í skóla- og frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg samræmast ekki réttindum barna eða gildandi lögum. Þvert á móti eru verkferlar Reykjavíkurborgar í berhöggi við verkferla lögreglu, barnahúss, barna- og fjölskyldustofu, barnaverndarlög og barnasáttmála.

Fyrir þremur árum þann 29. september 2022 fengu skóla- og frístundasvið og mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkur ábendingar frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar:

- Ljúka þarf innleiðingu sem fyrst á nýjum verkferli um viðbrögð við tilkynningum um óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni. Tryggja þarf að tilkynningar sem berast á meðan breytingar standa yfir fái viðeigandi málsmeðferð.
- Við endurskoðun á verklaginu ætti að skoða hvort samræma ætti verklag þegar grunur er um líkamlegt ofbeldi og þegar grunur er um kynferðisbrot. Í verklagsreglunni kemur fram: „Ef grunur er um kynferðisbrot starfsmanns ber stjórnanda að tryggja að starfsmaður sé ekki að störfum með börnum á meðan mál er til rannsóknar.“
- Tryggja þarf aðgengi ytri aðila að upplýsingum um verkferlið og að forsjáraðilar barns sem eru með mál til meðferðar verði formlega upplýstir um breytingarnar.
- Samræma þarf stefnu í forvarnarmálum gegn ofbeldi gagnvart börnum og að starfsmenn fái fræðslu og handleiðslu um þau málefni ásamt því að til sé staðar eftirfylgni.

Samt sem áður var ekki orðið við neinum þessara ábendinga en í janúar 2023 voru samþykktir nýir verkferlar sem voru enn fjær réttindum barna en innleiðing á verkferlum dróst í meira en ár frá meiriháttar breytingu á barnaverndarlögum frá janúar 2022. Þar til lagabreyting átti sér stað 1. janúar 2022 kom barnavernd að málefnum starfsfólks en eftir þann tíma vinnur barnavernd aðeins mál út frá börnum og þeirra þörfum og tekur ekki afstöðu til þess hvernig mál starfsfólks eru unnin. Ábyrgð Reykjavíkurborgar er því enn meiri.

Í verkferlunum frá janúar 2023, sem enn er unnið eftir, er það skýrt að ef grunur er um kynferðisbrot má starfsfólk ekki vinna með börnum fyrr en lögreglurannsókn er lokið eða felld niður og mál eiga hvorki að vera rædd við geranda né þolanda. Ef um er að ræða annað ofbeldi skal stjórnandi hins vegar afla upplýsinga frá bæði þolanda (barni) og geranda sem gengur þvert á störf lögreglu, barnahúss og verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik- grunn og framhaldsskóla til barnaverndar frá Barna- og fjölskyldustofu.

Bætt var í verkferlana 2023 við feitletruðum orðunum „metur“ og „ákveður“ um það hvernig stjórnandi og starfsfólk skóla- og frístundasviðs ákveða hvort starfsfólk grunað um ofbeldi vinni áfram með börnum. Sérstaklega er tekið fram að leyfi megí ekki vera íþyngjandi fyrir starfsfólk en ekkert minnst á að það geti verið íþyngjandi fyrir börn að starfsmenn vinni áfram með þeim meðan mál þeirra eru hjá lögreglu, barnavernd og dómstólum. Tekið var út úr fyrri verkferlunum að börnum væri boðinn stuðningur sama hvernig mál færu.

Þrátt fyrir að borgarstjóri hafi tjáð sig um að mikilvægt sé að upplýsingagjöf sé í lagi hefur í þrjú ár ekki verið orðið við ábendingu innri endurskoðanda um að aðgengi ytri aðila að upplýsingum um verkferla í ofbeldismálum verði tryggt. Til samanburðar er fjöldi íþróttafélaga og annarra sveitarfélaga með skýra verkferla á neti, skýrar upplýsingar um

hvert skuli beina tilkynningum en ekkert slíkt liggur fyrir hjá Reykjavík sem þó er stærsta sveitarfélag landsins.

Premur árum eftir að innri endurskoðandi lagði áherslu á að samræma þyrfti stefnu í forvarnarmálum gegn ofbeldi gagnvart börnum og að starfsmenn skuli fá fræðslu og handleiðslu um þau málefni ásamt því að til sé staðar eftirfylgni er engin slík stefna til staðar. Ekki er til neitt efni hjá skóla- og frístundasviði þar sem lagðar eru fram fyrirbyggjandi aðgerðir um ofbeldi starfsfólks gegn börnum. Hjá sviðinu er til viðbótar unnið eftir úrsltum 19 ára gömlum reglum um tilkynningar ofbeldis frá 2006 og vísað til þeirra á vef sviðsins í stað þess að fylgt sé nýjustu verklagsreglunum sem barna- og fjölskyldustofa samþykkti 2022 og því ekki unnið eftir nýjustu lögum um tilkynningar.

Þann 25. apríl 2023 kom út *Úttekt: Ofbeldisvarnarmál Reykjavíkurborgar* sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg af Kristínu Hjálmarsdóttur, óháðum sérfræðingi, en þar kemur skýrt fram að verkferlar þegar grunur vaknar um ofbeldi starfsfólks gegn börnum þurfi endurskoðun og rýningu miðað við lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Í kaflanum Aðgerðir gegn EKKO (eineltili, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og eineltili) stendur:

Hjá skóla- og frístundasviði eru til sérstakar verklagsreglur vegna tilkynninga um óviðeigandi framkomu starfsfólks og ofbeldi gagnvart barni. Þær þarfnast rýningar.

Í þessum sama kafla er listi yfir það sem þarf að bæta og stendur þar:

Endurskoða verkferil og leiðbeiningar vegna óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi.

Í úttektinni er þetta nánar skýrt í kafla kafla 3.7.2 en þar kemur eftirfarandi fram:

Hjá skóla- og frístundasviði eru sérstakar verklagsreglur um *Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi*, dags. 25. janúar 2023. Ekki var kallað eftir tölulegum upplýsingum tíðni slíkra tilkynninga. Í verklagsreglunum kemur fram að ef grunur er um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi og/eða öðru alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi beri samkvæmt lögum að tilkynna mál til lögreglu og/eða Barnaverndar Reykjavíkur sem þá metur hvort óska eigi eftir lögreglurannsókn. Við gagnaöflun hafði komið fram að við forkönnun slíkra mála er mikil áhersla lögð á að ræða ekki við börn um atvikið sjálft til að spilla ekki rannsókn ef niðurstaðan verður að kæra mál til lögreglu. Það vakti því athygli að samkvæmt lið 5.1 í endurskoðuðum verklagsreglum er einungis kveðið á um að stjórnendur ræði hvorki við barn né starfsmann þegar grunur er um kynferðisbrot en afli upplýsinga um atvikið frá m.a. bæði meintum þolanda og meintum geranda ef grunur er um ofbeldi eða aðra óviðeigandi framkomu og virðist enginn greinarmunur gerður á því hvort um líkamlegt og/eða alvarlegt ofbeldi er að ræða eða ekki. Við nánari eftirgrennslan

kom í ljós að nýlega endurskoðun verklagsreglnanna mátti rekja til ábendinga frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar um að ástæða væri til endurskoðunar. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði voru þær m.a. endurskoðar með aðkomu lögfræðings á mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs og mannauðsskrifstofu Ráðhússins en svo virðist sem ekki hafi verið leitað til lögreglunnar. Leitað var álits lögreglu á lið 5.1 verklagsreglnanna og afstaða hennar er skýr:

Það er álit lögreglu að enginn munur eigi að vera á viðbragði leikskóla og skóla hvort [sem] grunurinn beinist að líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Eina undantekningin frá þessu væri þegar bæði meintur brotapolí og meintur gerandi eru báðir nemendur og þ.a.l. báðir ósakhæfir. Þá sé eðlilegt að stjórnandi stofnunar afli upplýsinga, enda ólíklegt að slíkt mál verði að lögreglumáli.

Athygli er einnig vakin á því að svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir því að til staðar séu ráðgjafar og stuðningsteymi til að rýna mál með stjórnendum líkt og þegar tíðkast bæði vegna eineltis og kynferðislegra og kynbundinnar áreitni í skólum og frístund. Samkvæmt reglunum situr því stjórnandi starfsstaðar einn uppi með þá miklu ábyrgð að skilgreina mál og ákveða viðbrögð. Það er því augljós ástæða til að endurskoða verklagsreglurnar. Minnt er á að ávallt skal hafa það sem er barni fyrir bestu í fyrirrúmi þegar ráðstafanir eru gerðar sem varða börn, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Það er því skýrt að bæði höfundur úttektar og lögregla deila skoðun innri endurskoðanda um að samræma eigi verklag þegar um er að ræða kynferðisbrot og annað líkamlegt ofbeldi og að grunað starfsfólk skuli í engum tilfellum vinna með börnum og að aldrei skuli rætt við þolendur (börn) eða grunaða gerendur ef þeir eru starfsmenn. Skýrt kom fram að verkferlarnir þörfuðust rýningar og endurskoðunar út frá réttindum barna en því miður hefur Reykjavíkurborg ekki orðið við þessum athugasemdum og eru verkferlarnir ennþá óbreyttir um tveimur og hálfu ári síðar.

Til þess að tryggja börnum vernd þurfa verkferlar að vera í samræmi við réttindi barna og athugasemdir sérfræðinga. Samkvæmt Úttekt ofbeldisvarna, álit lögreglu og ábendingum frá innri endurskoðanda ætti starfsfólk sem grunað er um ofbeldi skilyrðislaust að vera í leyfi þar til rannsókn máls hjá lögreglu er lokið. Slík ákvörðun ætti aldrei að vera matskennd heldur börn alltaf að njóta vafans sé grunur um ofbeldi.

Eins ætti stjórnandi aldrei að ræða við geranda og þolanda um mál þegar grunur er um ofbeldi af hálfu starfsfólks enda er lögregla skýr um að það sé í verkahring lögreglu. Það er einnig mjög skýrt og feitiletrað í gildandi verklagsreglum frá Barna og fjölskyldustofu:

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að ræða ekki við barnið um það heldur hafa strax samband við barnaverndarþjónustuna. Það

er síðan hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda.

Verkferlar hjá Reykjavíkurborg ganga þvert á verklagsreglurnar en í kaflanum Framkvæmd stendur: „Stjórnandi kannar málið með því að afla upplýsinga um atvik hjá þeim sem leggur fram kvörtunina, meintum geranda, meintum þolanda og eftir atvikum vitnum og tekur niður atvikalýsingu sem aðilar undirrita.“

Barnahús var sett á laggirnar til þess að rétt væri staðið að vitnaleiðslum barna. Með því að stjórnendur skóla og frístundaheimila í Reykjavík afli upplýsinga frá börnum um ofbeldi sem stjórnendurnir sjálfir eða undirmenn þeirra beita getur það bæði spilt fyrir dómsmálum og valdið óþarfa álagi á börn en ekki er talið gott fyrir börn að þurfa að endurtaka vitnisburð sinn. Stjórnendur hafa enga sérþekkingu í slíku og eiga undir engum kringumstæðum að gera þetta en þessu atriði var bætt við í verkferlana í janúar 2023 en fyrir það var ekki gert ráð fyrir að rætt væri við börn um ofbeldi sem þau verða fyrir. Þetta var eitt af fjölmörgum atriðum sem var breytt til hins verra í þeim verkferlum og var í raun við uppfærsluna unnið þvert á athugasemdir innri endurskoðanda.

Samkvæmt 19. grein barnasáttmála sem var lögleiddur 2013 eiga stjórnvöld að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau. Samkvæmt 3. grein eiga stjórnvöld að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur. Samkvæmt 4. grein þurfa stjórnvöld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sjá til þess að hvert og eitt barn njóti allra réttinda barnasáttmálans. Séu verkferlar ekki lagaðir út frá niðurstöðu úttektar ofbeldisvarna, ábendingum lögreglu og innri endurskoðanda og í samræmi við lögfestan barnasáttmála og verklagsreglur frá Barna- og fjölskyldustofu er ljóst að brotið er gegn þessum þremur greinum laganna.

Nú liggur fyrir Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir ofbeldi 2025-2028 sem var samþykkt í borgarstjórn 21. janúar 2025. Þar kemur fram:

Aðgerð 51

Reglubundin endurskoðun á verkferlum vegna gruns um ofbeldi sem starfsfólk beitir í störfum sínum

Verkferlar þegar grunur vaknar um ofbeldi sem starfsfólk beitir þau sem verið er að þjónusta séu uppfærðir einu sinni á ári ef þörf er á. Hér er m.a. átt við í skóla- og æskulýðsstarfi, og í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og aldraða á vegum borgarinnar. Fram komi í verkferlum m.a. hvenær tilefni er til að tilkynna til lögreglu. Börn, fatlað fólk og aldraðir tilheyra sérstaklega viðkvæmum hópum og sé þess gætt í verkferlum að þau sem tilkynna um ofbeldi eða segja frá því þurfi ekki að vera í samvistum við eða njóta þjónustu þess sem grunaður er um ofbeldið. Verkferlarnir séu kynntir í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði einu sinni á ári.

Þrátt fyrir þessa aðgerð hafa verkferlar ekki verið uppfærðir þó að þörf sé staðfest. Þvert á móti eru verkferlarnir þegar grunur vaknar um ofbeldi í skólastarfi í berhöggi við aðgerðina þar sem starfsfólk sem grunað er um ofbeldi getur fengið að vinna áfram með börnum, sér í lagi ef leyfi er íþyngjandi fyrir starfsfólkið sem beitir ofbeldinu. Ekki er því rétt það sem borgarstjóri hefur haldið fram í fjölmiðlum að börn njóti alltaf vafans þegar grunur er um ofbeldi.

Mannréttindaráð og mannauðs- og starfsumhverfissviðs hafa hins vegar unnið þarft starf í tengslum við þetta málefni og á 7. fundi mannréttindaráðs þann 12. júní 2025 kom skýrt fram í kynningu að það séu eftirfarandi ágallar við verkferla skóla- og frístundasviðs þegar grunur er um ofbeldi gegn börnum:

- Gerir ráð fyrir að stjórnandi á hverjum stað klári mál (-)
- Rúmlega tvö ár frá síðustu rýni (-)

Þessi niðurstaða er í samræmi við ábendingar úr úttekt ofbeldisvarna frá 2023. Velt var upp möguleikanum í kynningunni á því að mannauðs- og starfsumhverfissvið myndi þróa og viðhalda verkferlum:

Skoða mætti að hafa einn miðlægan feril

- Málin eru í grunninn mannauðsmál, þ.e. grunur vaknar um brot í starfi, slík mál þarf að vinna samræmt innan borgarinnar
- Myndi vísa í viðeigandi lög sem eiga við í skólastarfi, þjónustu við fatlaða o.s.frv.
- Gæti haft sér kafla eða viðauka um ólíka þjónustupætti, þótt meginhlutinn væri almennur

Kostir:

- Færri skjöl sem þarf að viðhalda
- Aukin þekkingarmiðlun milli sviða
- Samræmd vinnubrögð
- Smærri svið s.s. MÍR myndu þá fá feril

Það gefur augaleið að skóla- og frístundasvið ræður ekki við að uppfæra og viðhalda verkferlinum. Sviðið hefur síðustu þrjú árin fengið fjölda ábendinga um að bæta verkferilinn, m.a. frá innri endurskoðanda og lögreglu, en ekki lagað verkferlana svo þeir samræmist lögum og velferð barna. Þvert á móti var verkferlunum á þessum tíma breytt til hins verra og bætt við að stjórnendur ræði við börn um ofbeldi sem þeir eða annað starfsfólk beitir. Verkferlarnir eru í engu samræmi við lög, verklagsreglur barna- og fjölskyldustofu og eyðileggja fyrir því góða starfi sem barnahús hefur sinnt. Ennfremur er

staðfest með úttekt ofbeldisvarna að verkferlarnir samræmast ekki réttindum barna samkvæmt barnasáttmála og barnaverndarlögum en skóla- og frístundasvið hefur ekki lagað það.

Skynsamlegasta leiðin í stöðunni er því að mannauðs- og starfsumhverfissvið taki við verkferlunum, eins og bent var á við rýningu sem var kynnt á fundi mannréttindaráðs. Mikilvægt er samt sem áður að þeir aðilar sem koma að gerð verkferils hjá mannauðs- og starfsumhverfissviði viti af því sem fram hefur komið frá innri endurskoðanda, lögreglu og í úttekt ofbeldisvarna og að meðvitund sé um að börn séu börn sem viðkvæman hóp. Eins þarf að gæta að því að virt sé aðgerð 51 og úr aðgerðaráætlun ofbeldisvarna og að grunaðir gerendur vinni aldrei með börnum. Einnig að Reykjavíkurborg fylgi verklagsreglum barna- og fjölskyldustofu og að stjórnendur ræði aldrei um ofbeldi sem börn verða fyrir við þau eða starfsfólk heldur láti barnavernd og lögreglu um slíkt. Lykilatriði er svo að stjórnendur og annað starfsfólk á öllum starfsstöðum sé upplýst um nýja verkferilinn svo að það sé á hreinu að starfsfólk fari tafarlaust í leyfi á meðan mál eru unninn og að aldrei sé rætt við börn. Ennfremur að verkferillinn sé aðgengilegur fyrir foreldra og aðra á neti.

Borgarstjóri hefur tjáð sig um það í fjölmiðlum að nú verði öllum steinum velt við og allt skoðað sem borgin mögulega getur gert til þess að koma í veg fyrir að ofbeldi komi upp í framtíðinni. Fullyrt var að allt sem hægt væri að gera til þess að koma í veg fyrir frekara ofbeldi starfsfólks gegn börnum yrði framkvæmt.

Það hlýtur því að verða fyrsta mál á dagskrá borgarinnar að tryggja að verkferlar verði lagaðir í samræmi við tveggja til þriggja ára athugasemdir frá innri endurskoðanda, lögreglu og úr úttekt ofbeldisvarna sem er skýr um að verkferlar þarfnist rýningar. Einnig að fylgt verði eftir aðgerð 51 úr aðgerðaráætlun ofbeldisvarna og tryggt að börn þurfi aldrei að vera með gerendum eða þeim sem grunaðir eru um ofbeldi. Það gefur augaleið að ekki er hægt að fela skóla- og frístundasviði að leysa þetta mál heldur þarf aðkomu mannréttindaráðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs sem eru þegar komin áleiðis með málið, ólíkt skóla- og frístundasviði sem hefur ekkert aðhafst til hins betra í þrjú ár.

Þau atriði sem eru í ólagi og þarf nauðsynlega að laga í núverandi verkferlum þegar grunur kemur upp um ofbeldi starfsfólks gegn börnum í skóla- og frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg eru eftirfarandi:

1) Það samræmist ekki hag barna, barnasáttmála, ábendingum lögreglu, innri endurskoðanda og úttekt ofbeldisvarna að stjórnendur rannsaki ofbeldi sem þeir eða undirmenn þeirra eru grunaðir um að beita börn eins og raunin er í núverandi verkferlum.

Það er alveg skýrt í úttekt ofbeldisvarna að lögregla á að sjá um rannsóknir ofbeldis ef gerandi er fullorðinn (sem allt starfsfólk er) en ekki stjórnendur skóla. Samt er í

verkferlunum skýrt tekið fram um framkvæmd að stjórnandi afli upplýsinga frá þolendum (börnum), gerendum og vitnum. Þá kom það fram í fjölmiðlum að borginn hefði svarað því til um verkferla að þegar mál eins og Múlaborgarmálið komi upp gildi almennt að stjórnandi geri könnun á atviki og afli vitnisburða. Samt sem áður hefur ítrekað komið fram að slíkt samræmist hvorki lögum né hag barna. Vitnaleiðslur og rannsóknir ofbeldismála eiga ekki að vera í verkahring stjórnenda heldur á að vera í höndum stjórnenda að tryggja öryggi og umönnun barna þegar grunur vaknar um ofbeldi í skóla- og frístundastarfi á meðan barnavernd og lögregla sinna sínu starfi.

Í fjölmiðlum kom einnig fram að ef grunur sé um kynferðisbrot af hálfu starfsmanns gildi að atvikið sem tilkynnt er um sé hvorki rætt við barnið né starfsmanninn, fyrr en starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur hafi talað við barnið og/eða metið stöðuna. Ef grunur sé um kynferðisbrot eigi að senda starfsmann í leyfi á meðan málið sé kannað frekar. Ekki kom fram hvort það sé ætíð gert heldur einungis að það eigi að gera það. Ekki kom heldur fram að ef starfsmenn beita öðru líkamlegu ofbeldi er samkvæmt verkferlunum rætt við þá og barnið og engin krafa er um að starfsfólk sem er grunað um líkamlegt ofbeldi annað en kynferðisbrot fari í leyfi meðan málið er kannað en þær upplýsingar eru vafalaust mikilvægar fyrir fjölmiðla og foreldra barna í skólastarfi og því mikilvægt að það komi fram ef borgin ætlar sér ekki að leiðrétta þetta strax.

2) Það samræmist ekki hag barna samkvæmt barnaverndarlögum og barnasáttmála að það hvort starfsfólk sem grunað er um ofbeldi fái að vinna áfram með börnum sé matskennd ákvörðun heldur á starfsfólk sem minnsti vafi leikur á að beiti börn líkamlegu ofbeldi aldrei að vinna með börnum.

Nú hafa úttekt ofbeldisvarna, innri endurskoðandi og lögregla öll bent á að samræma ætti verklag þannig að verklag sé eins fyrir líkamlegt ofbeldi annað en kynferðisbrot til þess að börn séu örugg. Þó hefur skóla- og frístundasvið ekki orðið við þessum athugasemdum. Í fyrri verkferlum var ábyrgðarmaður verkferlanna sviðsstjóri en í nýjustu verkferlum frá janúar 2023 var því breytt þannig að sviðsstjóri þurfi ekki að taka ábyrgð á verklagi þegar starfsfólk beitir börn ofbeldi.

Til viðbótar skal það tekið fram að það er sérstaklega bent á það í úttekt ofbeldisvarna að ekki þygi heppilegt að stjórnandi sitji uppi að því er virðist einn með ákvörðunartöku um hvort starfsmenn vinni áfram með börnum. Við ákvörðun stjórnanda er lögð áhersla á að leyfi megji ekki vera íþyngjandi fyrir starfsmanninn sem grunaður er um ofbeldi gegn barni eða börnum. Lagt er til í verkferlunum að samkomulag sé gert við starfsmanninn sem grunaður er um ofbeldi.

Það er skýrt í barnasáttmála og barnaverndarlögum að vernda skal börn fyrir ofbeldi og eiga stjórnvöld að gera allt sem þau geta til þess að tryggja það. Það gefur augaleið að það er ekki raunin ef Reykjavíkurborg hundsar ábendingar lögreglu, innri endurskoðanda og úttekt í ofbeldisvarna og leyfir starfsfólki sem grunað er um ofbeldi og jafnvel sætir lögreglurannsókn að vinna áfram með börnum. Þetta þarf því að laga strax ef

raunverulegur vilji er til þess að börn séu örugg og geti notið æsku sinnar og farsællar menntunar og frístunda á vegum Reykjavíkurborgar.

3) Það vantar í verkferlana að skilgreina ofbeldi en þar er aðeins skilgreind önnur óviðeigandi hegðun.

Bæði heiti og skilgreiningar verkferlana minnst engu orði á ofbeldi en mjög mikilvægt er að ekki sé til staðar þöggun um ofbeldi. Lykilatriði í ofbeldisvörnum er að ekki sé skautað fram hjá því að ræða um, taka á og skilgreina ofbeldi.

Það er því mikilvægt að í verkferlum séu skilaboðin skýr að Reykjavíkurborg tiplar ekki á tánum í kringum ofbeldi. Í verkferlum þarf að vera skýrt að hjá Reykjavíkurborg megi ræða um ofbeldi, að það sé tekið á málum um leið og þau koma upp, að börnum sé trúað, að þau njóti alltaf vafans og að öryggi þeirra sé tryggt ef grunur er um ofbeldi.

Aldrei á að líðast að starfsfólk sem grunað er um líkamlegt ofbeldi, hvort sem það er kynferðislegt eða ekki, vinni með börnum. Borgin hefur einsett sér að vinna gegn heildstætt gegn ofbeldi og því lykilatriði að setja skýrar línur gegn ofbeldi í öllu skóla- og frístundastarfi.

4) Að allur grunur um ofbeldi sé tilkynntur bæði til lögreglu og barnaverndar

Eftir lagabreytingu í janúar 2022 hlutast barnavernd ekki til um mál starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Það er hins vegar þannig að í verkferlum Reykjavíkurborgar stendur að tilkynna skuli mál til lögreglu **og/eða** barnaverndar. Það er auðvitað lykilatriði að grunur um ofbeldi sé alltaf tilkynntur til lögreglu sem rannsakar brot starfsfólks **og** til barnaverndar sem metur þarfir barnsins. Ekki á undir neinum kringumstæðum að sleppa tilkynningu á annan staðinn og því ætti ekki að vera neitt **eða** í verkferlunum.

Þá er skýrt á bæði verkferlum og máli sviðsstjóra í fjölmiðlum að það fer fram einhvers konar könnun hjá stjórnendum áður en tilkynnt er. Slíkt á ekki að vera í höndum skóla- eða frístundaheimila heldur ber lögregla ábyrgð á rannsókn ofbeldis og barnavernd ábyrgð á könnun mála gagnvart barninu. Stjórnendur hafa ekki þá fagþekkingu sem liggur fyrir hjá þessum aðilum og alveg skýrt er að tilkynna skal um grun en ekki bíða eftir staðfestingu. Í Múlaborgarmálinu er ljóst að eitthvað var athugavert við hegðum starfsmanns löngu áður en hann var handtekinn en í stað þess að málið væri tilkynnt til lögreglu og barnaverndar var reynt að leysa málið á staðnum með mjög alvarlegum afleiðingum. Því þarf að skerpa á því að ætíð sé tilkynnt á báða staði.

Ef velta á við öllum steinum er algert lágmark að þessi fjögur atriði séu löguð í verkferlum án tafar. Í fyrsta lagi þarf það að vera tryggt að stjórnendur rannsaki ekki nein ofbeldismál sem varða þá eða undirmenn þeirra og leiti aldrei vitnisburða um ofbeldi hjá þolendum, gerendum eða mögulegum vitnum heldur eftirláti lögreglu að sinna starfi sínu. Í öðru lagi er lykilatriði að starfsfólk sé skilyrðislaust í leyfi ef minnsti grunur leikur á líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi gegn börnum en stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundasviðs

geti ekki haldið áfram að leyfa þeim að vinna áfram í skólastarfi eins og raunin er núna. Í þriðja lagi er lykilatriði að ofbeldi sé skilgreint með skýrum hætti og að ekki sé hylmt yfir eða þöggðu nein mál. Í fjórða lagi þarf að tilkynna lögreglu og barnavernd um öll mál. Gangi borgin ekki strax í að laga öll þessi atriði er greinilegt að ekki er raunveruleg ætlun til þess að velta við öllum steinum og gera allt sem hægt er til þess að koma í veg fyrir frekara ofbeldi gegn börnum.

Þvert á það sem borgarstjóri fullyrkti í fjölmiðlum eru ekki til neinir verkferlar um það að starfsmenn séu ekki einir með börnum á leikskólum. Þvert á móti hefur á síðustu árum verið vegið mjög illa að öryggi barna á leikskólum þegar vinnustytting var sett inn og ekkert greitt fyrir afleysingu. Margir leikskólastjórar hafa kvartað yfir ástandinu en engu verið breytt. Þar sem störf á leikskólum eru illa launuð er einnig erfitt að fá fólk í þessi mikilvægu störf og því er staðan í raun sú að næstum hver sem er getur gengið inn af götunni sama hvaða reynslu eða þekkingu hann hefur af umönnun barna.

Auðvitað er flest starfsfólk að vinna af alúð og gerir sitt allra besta við þessar algerlega óviðunandi aðstæður sem Reykjavíkurborg getur auðveldlega lagað ef vilji er fyrir hendi. Núverandi stefna borgarinnar býður upp á það að þeir sem beita börn ofbeldi hafi góðar aðstæður til þess á leikskólum í Reykjavík. Þá er öryggi þeirra að öðru leyti einnig í uppnámi því ekki er hægt að fylgjast jafnvel með því að þau fari sér ekki að voða. Það gefur augaleið að það þarf að setja fjármuni í að laga þennan vanda og tryggja öryggi barna en lítið vit er í því að reisa nýja leikskóla sem taka á móti enn fleiri og enn yngri börnum ef aðstæður eru ekki bættar og ofbeldisvarnir ekki tryggðar.

Sviðsstjóri var skýr um að eftir ofbeldið á Múlaborg var sendur inn auka mannskapur í leikskólann. Hann lagði áherslu á að mikilvægt væri að hlúa vel að þessum hópum til að tryggja það að börnin geti farið inn á leikskólann og finni til öryggis og foreldrunum líði vel að senda börnin sín í leikskólann. Slíkt á ekki að vera einungis staðan á einum leikskóla eftir að ofbeldi þar ratar í fjölmiðla. Það þarf að senda inn mannskap á alla leikskóla Reykjavíkurborgar. Það á að hlúa vel að öllum hópum og tryggja að öll börn geti farið á leikskóla og fundið fyrir öryggi. Þá á öllum foreldrum að líða vel með að senda börnin sín í leikskólann.

Aðgerðir til þess að fyrirbyggja ofbeldi:

- 1) Tryggja þarf að full mönnun sé á öllum leikskólum, að starfsfólk sé ætíð leyst af í vinnustyttingu, undirbúningstíma og vegna veikinda og að á öllum leikskólum sé ríflegt magn af fólki sem getur leyst af. Þegar mannaskipti eru ör eins og verið hefur er algengt að starfsfólk nái sér í pestir eins og vill verða þegar nýtt fólk byrjar að starfa í leikskólaumhverfinu. Flutningur starfsfólks á milli leikskóla í tengslum við afleysingar dregur úr stöðugleika í leikskólastarfinu.

- 2) Reykjavíkurborg þarf að vinna markvisst að því að auka hlutfall fagmenntaðs starfsfólks á leikskólum, sér í lagi leikskólakennara og leikskólaliða, sem hafa þekkingu á umönnun þessa yngsta hóps.
- 3) Að borgin gagni úr skugga um að allt starfsfólk sem ráðið er á leikskóla (og í skólum og frístundaheimilum) skili sakarvottorði þar sem hvorki hefur fallið dómur um kynferðisbrot né annað ofbeldi. Eins og er staðan nú er einungis farið yfir kynferðisbrot en ekki annað ofbeldi, þá hefur öflun vottorða verið sett í hendur á stjórnendum en ekki verið miðlæg og sjálfkrafa.
- 4) Að tryggt sé að fólk sem er grunað um ofbeldi eða sætir lögreglurannsókn vegna slíks vinni ekki í neinum tilfellum með börnum.
- 5) Að farið sé yfir húsnæði á öllum leikskólum (þar með töldum einkaleikskólum sem borgin styrkir) og tryggt að ekki séu nein gluggalaus lokuð rými en því miður er slíkt allt of algengt.
- 6) Að settir séu skýrir verkferlar um að allt starfsfólk hljóti þjálfun í samskiptum við börn, mörkum, merkjum um ofbeldi, skyndihjálp og öryggi barna frá sérfræðingum áður en það mætir til starfa með börnum. Þá er lykilatriði að það séu engar undantekningar á því að starfsfólk sækji námskeið sem Barnahús hefur gefið út um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni áður en það hefur störf en það kemur fram í þingsályktun frá 2020 að allt starfsfólk leikskóla skuli taka námskeiðið.
- 7) Að aldrei séu færri en þrír starfsmenn með hvern hóp öllum stundum, þannig að ef einn bregður sér á snyrtingu eða þarf óvænt að fara (t.d. vegna veikinda sinna eða barna sinna) séu tveir eftir með hópnum.
- 8) Að aldrei sé einn starfsmaður með barni eða börnum í neinu rými nokkru sinni, að allt starfsfólk sé upplýst um þessa reglu og að henni sé fylgt eftir undantekningarlaust.
- 9) Að allir verkferlar, fræðsluefni og annað efni sé aðgengilegt á vef.

10) Að skýrt komi fram á síðu Reykjavíkurborgar og allra leikskóla hvernig á að haga tilkynningum ofbeldis og að öllum tilkynningum sé fylgt eftir strax með þeim viðbrögðum að starfsfólk sé sett í leyfi og mál tilkynnt til lögreglu og barnaverndar.

Mikilvægt er að tryggja að öll þessi atriði verði að veruleika ef borgin ætlar sér að velta við öllum steinum og gera allt sem hægt er til að tryggja öryggi barna og vernd frá ofbeldi.

Skóla- og frístundasvið ræður augljóslega ekki við að sinna þessum málum því að sviðið fékk ábendingar um að samræma fyrirbyggjandi stefnu fyrir þremur árum en ekki hefur neitt verið aðhafst á þeim tíma. Til viðbótar er á sviðinu unnið eftir úreltum verkferlum um tilkynningar ofbeldis sem og meingölluðum verkferlum þegar grunur vaknar um ofbeldi. Það er því nauðsynlegt að tryggja aðkomu mannréttindaráðs að en það er

einmitt fundur hjá ráðinu um ofbeldismál 2. október þar sem upplagt er að vinna að bæði verkferlum og fyrirbyggjandi aðgerðunum en þangað mæta einnig fulltrúar frá lögreglu, landlækni og grasrótarsamtökum.

Það er ekki rétt hjá borgarstjóra að ekki sé alveg hægt að koma í veg fyrir ofbeldi heldur þvert á móti er stefna borgarinnar að ofbeldi á aldrei að líðast og auk þess er það lögbundin skylda borgarinnar að börn í umsjá hennar séu aldrei beitt ofbeldi. Það má ekki gefa neinn afslátt af öryggi barna heldur þarf borgin nú að leggjast á eitt svo aðstæður barna verði bættar með þeim hætti að börn verði aldrei aftur beitt ofbeldi af starfsfólki Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi eru eftirfarandi skjöl

1. Verkferlar í ofbeldismálum í skóla- og frístundastarfi
2. Eldri verkferlar í ofbeldismálum í skóla- og frístundastarfi
3. Úttekt ofbeldisvarna Reykjavíkurborgar
4. Verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik- grunn og framhaldsskóla til barnaverndar frá Barna- og fjölskyldustofu
5. Úreltar Verklagsreglur um tilkynningar sem unnið er eftir hjá Reykjavíkurborg